

Kópavogi, 27. ágúst 2020.

Ágæti skólustjóri.

Undirbúningur samræmdra könnunarprófa í 4. og 7. bekk stendur nú yfir en prófin verða lögð fyrir í september og október. Við viljum minna á nokkur atriði vegna fyrirlagnar könnunarprófanna.

Dagsetningar prófanna eru eftirfarandi:

| Bekkur | Dagsetning | Dagur | Námsgrein |
|-----------|---------------|--------------|------------|
| 7. bekkur | 24. september | fimmtudagur | íslenska |
| 7. bekkur | 25. september | föstudagur | stærðfræði |
| 4. bekkur | 30. september | miðvikudagur | íslenska |
| 4. bekkur | 1. október | fimmtudagur | stærðfræði |

*Varaprófdagar verða 12. og 13. október.

Skráning í Skólagátt

Mikilvægt er að uppfæra skráningu nemenda og kennara í bekki í [Skólagátt](#). Sjá leiðbeiningar [hér](#). Einungis þeir nemendur sem eru skráðir í Skólagátt fá úthlutaðan prófkóða og geta tekið könnunarprófið. Lokafrestur skráningar er til 31. ágúst.

Próftími

Eins og við síðustu fyrirlögn geta allir nemendur nýtt sér bæði hefðbundinn próftíma, 70 mínútur í 4. bekk og 80 mínútur í 7. bekk, og viðbótarpróftíma, 30 mínútur. Þetta þýðir að ekki þarf að sækja um stuðningsúrræði til að fá lengri próftíma. Engin breyting verður á uppbyggingu eða á lengd könnunarprófsins.

Athugið að áfram þarf að sækja um stuðningsúrræði í formi upplesturs, þ.e. svo hljóðskrár fylgi prófi. Vísað er til 7. gr. reglugerðar [nr. 173/2017](#) vegna stuðnings við próftöku.

Stuðningsúrræði og undanþágur

Skrá þarf stuðningsúrræði og undanþágur nemenda **fyrir miðnætti fimmtudaginn 10. september í [Skólagátt](#)**. Opnað hefur verið fyrir skráningu stuðningsúrræða. Eyðublöð fyrir [umsóknir](#) um stuðningsúrræði og undanþágur má finna á vef stofnunarinnar. Eins og fram kom hér að ofan þarf einungis að sækja sérstaklega um stuðningsúrræði ef stuðningur felst í upplestri eða ef um sértæk úrræði er að ræða. Nánari upplýsingar um stuðningsúrræði og undanþágur má finna í *Leiðbeiningum um framkvæmd* á vef stofnunarinnar, sjá [hér](#).

Fyrirlögn á prófdag

Fyrirlögn prófa skal fara fram á tímabilinu frá kl. 8:00 til 16:00 á prófdag en skólustjóri

ákveður nánar hvenær próf fara fram innan prófdagsins. Mikilvægt er að huga vel að netkerfi skólans og tryggja góða virkni tölvubúnaðar.

Kynningarprófin

[Kynningarpróf](#) eru aðgengileg á vef stofnunarinnar. Þau eru í fullri lengd og eru hugsuð fyrir nemendur og foreldra til að skoða og kynna sér prófin og prófakerfið. Jafnframt er gagnlegt fyrir kennara og aðila í tölvuumsjón að nota kynningarprófið til að kynna prófakerfinu, setja upp veflása og fleira.

Bréf til nemenda og forráðamanna

Nú eru [upplýsingabréf til nemenda í 4. og 7. bekk og forráðamanna þeirra](#) aðgengileg á vef stofnunarinnar. Þau hafa verið þýdd á ensku og pólsk þýðing þeirra er væntanleg. Við óskum eftir því að skólar komi þeim til nemenda og foreldra/forráðamanna.

Frekari upplýsingar

Á vef Menntamálastofnunar má finna [almennar upplýsingar um könnunarprófin](#) og [leiðbeiningar um framkvæmd](#).

Ef þú hefur ábendingar til okkar eða þörf á frekari upplýsingum ekki hika við að senda okkur póst á netfangið prof@mms.is.

Með kveðju,
Sverrir Óskarsson, sviðsstjóri matssviðs,
Nói Kristinsson, verkefnastjóri.